| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri | |
|---|---|---|
| Útgáfa: 07 | | |
| Dags.: 08.04.2010 | | |
| Höfundur: GLÁ | Áfangaheiti BAF 401 | |
| Samþykkt: HJS | Kennsluáætlun 4 önn vor 2011 | |
| Síða 1 af 1 | | |

| Kennari | Arnþór Örlygsson | Sk.st. | ARÖ |
|---|---|---|---|

**Áfangalýsing:**

Farið yfir helstu gerðir vökvastýrisvéla bæði Tannstangargerð og snigilgerð. Farið yfir helstu gerðir vökvadæla. Mat á ástandi búnaðar og ástæður bilana. Mældur þrýstingur vökvakerfa. Skipti á slöngum og rörum, endurnýjun vökva og lofttæming. Viðgerðir vökvastýrisvéla: mat á sliti húss og íhluta, ventla og þéttinga. Viðgerðir á vökvadælum. Farið yfir fleiri útfærslur af stýrisbúnaði en tveggja hjóla á sama ási (framan). Notkun vélrænna hjólastillitækja við stór ökutæki. Sérstaklega farið yfir vinnubrögð við stýrisbúnað í ökutækjum með loftpúða í stýrishjóli. Áhersla á slysahættu við viðgerðir stýrisbúnaðar og ábyrgð viðgerðarmanna vegna akstursöryggis.

**Markmið:**

Nemandi þekkir helstu gerðir vökvastýrisvéla, íhluti þeirra og virkni. Nemandi þekkir virkni fjórhjólastýris og afturhjólastýris.

Nemandi getur gert minniháttar stillingar og viðgerðir á stýrisvél í ökutæki og tekið hana úr ökutæki. Nemandi getur metið ástand íhluta vökvastýrisvéla og skipt um ef við á og sett hana í ökutækið aftur.

**Námsgögn:**

Modern Automotive Technology. 1 útgáfa 2006.

Ljósrit kennara.

**Áætlun um yfirferð:**

Nemendum kynnt námsefni lotunnar sem er að læra gerð og virkni vökvastýrisvéla og vökvadæla. Nemendur vinna 1 bóklegt og 1 verklegt verkefni í lotunni auk lokaprófs. Skiladagur verkefnis er 24.01.2011. í Fjölnisgötu 6 a. Berist verkefni eftir að skilafresti lýkur er hámarkseinkun 5. Hafi verkefni ekki verið skilað 5 sólarhringum eftir að skilafresti lýkur er einkunn fyrir verkefnið 0. Til að verkefni gildi til lokaeinkunnar verður að ná 5 á lokaprófi.

**Verkefni:**

1 heimaverkefni. 1 skýrsla um verklegt verkefni. Lokapróf.

**Námsmat og vægi námsþátta:**

Mæting og ástundun 20%. Heimaverkefni 15% .Skýrsla 15%. Lokapróf 50%.

**Annað:**

90% viðvera í kennslustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.

Sé nemanda vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganum með framvísun vottorðs frá lækni eða viðlíka gagna. Verður sú umsókn að koma fram ekki síðar en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistamörk.

Áskilin er réttur til breytinga á verkröð og öðrum þáttum.

**Dagsetning:** 17-1 2011

Arnþór Örlygsson

**Undirritun kennara**

[signature]

**Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**